



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFTND HRUNAMANNAHREPPS

3. fundur Veitu- og framkvæmdaneftndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 var haldinn mánudaginn 25. mars 2024 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson og Daði Geir Samúelsson. Kolbrún Haraldsdóttir boðaði forföll og varamenn höfðu ekki tök á að mæta. Auk þeirra sátu fundinn þau Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Dagskrá

1. Kynning á helstu verkefnum sem í gangi eru.

Gunnþór gerði grein fyrir ráðningarmálum en enn vantar starfsmenn í áhaldahúsið. Unnið verður áfram að því að manna áhaldahúsið enda það orðið aðkallandi. Ýmis viðhaldsverkefni eru í gangi. Unnið er að kolefnisbókhaldi sveitarfélagsins en lögum skv. ber öllum sveitarfélögum að standa skil á slíku.

Hannibal fjallaði um ársfund Samorku sem sveitarstjóri og veitustjóri sóttu og haldinn var í Reykjavík í síðustu viku. Unnið er að skráningu eigna vegna Náttúruhamfara-tryggingar en allar lagnir eru skráðar sem og aðrar eignir sveitarfélagsins.

Sameiginlega var gerð grein fyrir fundi sem sveitarstjóri, veitustjóri og yfirmaður eignasjóðs áttu með fulltrúum Vegagerðarinnar þann 21. mars 2024. Atriði þar verða rædd betur á næsta fundi nefndarinnar.

2. Vatnsveita í uppsveit Hrunamannahrepps.

Umræða um framvindu framkvæmdarinnar og næstu skref.

Nefndarmenn eru sammála um að halda áfram með hönnun á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum. Veitustjóra falið að ræða við þá ábúendur sem sent hafa erindi varðandi vatnsveitu í uppsveitinni varðandi framvindu málsins.

3. Fráveita í Akurgerði/Hótel Hill og færsla á hreinsistöð við Birkihlíð.

Umræða um fyrirhugaða verðfyrirspurn og kostnaðaráætlun verksins.

Samþykkt að fela veitustjóra að fara í verðfyrirspurn á verkinu.

EES
DAS
AC
B
S
AEC

4. Kynning á stöðu fyrirhugaðra breytinga á íþróttahúsi, félagsheimili og grunnskóla.

Yfirmaður eignasjóðs kynnti stöðu á hönnun sem og kostnaðaráætlun á þeim verkliðum sem áætlað var að fara í á árinu. Ljóst er að áfangaskipta þarf framkvæmdum við Flúðaskóla meira en áður var gert ráð fyrir enda hefur bæst við að fara þarf í endurbætur á fráveitu á kennsluganginum. Fyrstu drög að hönnun bókasafns og ráðhúss í Félagsheimilinu kynnt. Drög að hönnun breytinga í íþróttahúsi kynntar. *Nefndin samþykkir að á næsta fundi nefndarinnar muni tillaga liggja fyrir um fyrirkomulag framkvæmdanna og ákvörðun verða tekin um framhaldið.*

5. Umræða um Gámasvæði.

Yfirmaður umhverfismála kynnti stöðu á hönnun gámasvæðis og einnig tillögu að akstursrampi til flokkunar. Starfsmenn Eflu ehf hafa þegar hafið hönnun svæðisins og munu fljótlega leggja hana fram og gera tillögu að forgangsröðun framkvæmda. Rætt um grenndargáma og mögulega fækkan þeirra.

Málið kynnt.

6. Snjómokstur.

Lagðar fram kostnaðartölur það sem af er ári en kostnaður er þegar nokkuð yfir fjárhagsáætlun.

Lagt fram til kynningar en nefndarmenn lýstu yfir ánægju með góðan snjómokstur í veturn.

7. Leikvöllur Norðurbæ – umræða.

Yfirmaður umhverfismála kynnti hugmyndir um staðsetningu leiktækja fyrir börn í Norðurbænum.

Nefndinni lýst vel á tillögur um að einföld og smærri leiktæki verði staðsett við enda Ásastígsins. Yfirmanni verði falin útfærsla á leiksvæðinu en við uppsetningu verði tekið tillit til þess að á veturna er sleðabrekka á staðnum.

8. Göngubrú í Lækjargarðinn – tilboð frá Límtré lagt fram.

Lagt fram tilboð frá Límtré/Vírnet í nýja brú yfir Hellisholtalækinn.

Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að tilboðinu verði tekið og að ráðist verði í verkið eins fljótt og auðið er. Kostnaður við uppsetningu og flutningur á staðinn er óverulegur en mun bætast við kostnað við verkið.

EES

DGS

BV

JH
JK

AKL

9. Framhald gatnagerðar á Byggð á Bríkum.

Kynntar kostnaðartölur vegna yfirborðsfrágangs á Loðmundartanga og vegna frágangs á mönum og opnum svæðum í kringum hverfið. Einnig kynntar kostnaðartölur við lengingu Kerlingartanga niður að beygju og kostnaðartölur við gerð næstu götu, Röðulstanga.

Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að gengið verði til samninga við Gröfutækni um frágang á möninni og opnum svæðum. Jafnframt verði samið við Gröfutækni um yfirborðsfrágang á Loðmundartanga samkvæmt útboðsskilmálum ásamt yfirborðsfrágangi á Kerlingartanga niður að fyrri beygju.

10. Ársreikningur Hitaveita Flúða.

Lögð fram drög að ársreikningi Hitaveitu Flúða fyrir árið 2023.

Lagt fram til kynningar en endanlegur reikningur verður lagður fram á næsta fundi.

11. Verkfundargerðir og skýrslur til kynningar.

Verkfundargerðir nr. 20 og 21 v. Byggða á Bríkum lögð fram til kynningar.

Skýrsla frá Ísor /Magnús Ólafsson um efnasamsetningu heita vatnsins og borholur lögð fram til kynningar.

12. Næsti fundur nefndarinnar.

Nefndin samþykkir að næsti fundur verði haldinn mánudaginn 8. apríl kl. 15:30 sem verði aukafundur en næsti regulegi fundur nefndarinnar er 22. apríl n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:24.

Bjarni Vigfusdóttir

Haukur Sigurðsson

Dóði Geir Samuelsson

Jóhann Þórðar Þorsteinsson
Guðrún Óskarsdóttir